



Móra virkni

Taktu að minnsta kosti þrjú stykki af gegnsæjum pappír og smám saman dragðu í gegn sammiðja hringina sem þú sérð fyrir neðan (þú getur líka gert þína eigin hringi í mismunandi stærðum, þú þarft ekki að draga í gegn), hengdu þá svo upp í einhverju rými, einn í einu svo þú getir séð hringina í gegnum hvorn annan. Þú getur fært til hringina og skoðað hvernig þú færð Móra virkni.



Vasulka Kitchen Brno
Center for New Media Arts
vasulkakitchen.org
info@vasulkakitchen.org

VAŠULKA
KITCHEN
BRNO

Listasafn Arnésinga
listasafnarnesinga.is
listasafn@listasafnarnesinga.is

LISTASAFN
ARNESINGA

House of Arts Brno
www.dum-umeni.cz
info@dum-umeni.cz

Dům umění města Brna
House of Arts Brno

Styrkt af menningarmálaráðuneyti og Brno borgar í Tékklandi, Thoma Foundation, Uppbyggingasjóði Suðurlands og Safnaráði Íslands.

MINISTRY OF CULTURE
CZECH REPUBLIC

B | R | N | O

thoma
FOUNDATION

BERG
CONTEMPORARY

SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Romana Horáková, Lenka Trantírková, Grafísk hönnun eftir Lucia Kolesárová, Ljósmyndir eftir Lenka Trantírková, myndskreytingar eftir Romana Horáková, 2020

Hvað ættum við að spila í dag?

Bohuslav Woody Vasulka


(* 1937 – † 2019)

1

Woody og Steina voru aðallega að vinna með rafræna list. Hvernig tæki voru þau að nota?

2

Frá hvaða landi var Woody?



5

Hvar bjuggu þau saman?



Steina Vasulka

(1940, née Steinunn Briem Bjarnadóttir)

3

Steina lærði að spila á
Og gerði tilraunir með hana allt sitt líf. Hún meira að segja spilaði stafræna útgáfu af þessu hljóðfæri.



4

Hvaðan er Steina?



The Kitchen

Gast þú borðið kennsl á hvað Woody og Steina notuðu fyrir rafræna list sína á seinustu blaðsíðu? Ef ekki skoðuðu þá vel lausnina aftast. Þau gerðu margar tilraunir með öll þessi tæki og það væri hægt að segja að Woody og Steina léku sér með ýmsar græjur, tæki og tól alla sína ævi. Þau rannsökuðu hvernig þau virkuðu og eyddu miklum tíma með þeim. Þau gerðu líka mörg áhugaverð vídeó - list sem er sköpuð með notkun vídeóa og kallast vídeólist.*

En Woody og Steina bjuggu ekki til list alltaf saman, þau höfðu líka gífurleg áhrif á aðra listamenn með verkum sínum. Á árinu 1971 stofnuðu þau rafrænt miðlunar leikhús sem hét Eldhúsið, sem var til húsa í yfirgefnu hóteleldhúsi í New York. Það var rými sem listamenn hittu hvor annan, veltu fyrir sér hugmyndum og sköpunarverkum, fengu lánuð tæki og tól til að gera tilraunir með.


Miðvikudagskvöldin í The Kitchen voru helguð opnum vídeó sýningum þar sem hver sem er gat komið og sýnt vídeóverkin sín.**

Horfðu á hvert myndband sem þú finnur í hlekknum í dagatalinu. Veltu fyrir þér hvaða myndband í símanum þínum þú myndir velja til þess að sýna og deila með öðrum á miðvikudags sýningu í The Kitchen. Þú gætir líka valið þér að búa til nýtt myndband...

* Sambland af myndbandi og list. Getur þú lýst í eigin orðum hvað hugtakið vídeó þýðir? Hvernig myndir þú lýsa því hvað list er? Hvernig ímyndar þú þér vídeólist?

VÍDEÓ + LIST



** Áður en hægt var að vista upplýsingar á stafrænu korti voru gögn sem tekin voru upp vistuð á myndbandsspólu.



MÓRI

Ef þú hefur horft á myndböndin í hlekknum hér til vinstri, þá hefuru kannski tekið eftir að Woody og Steina unnu með mörg mismunandi sjónræn áhrif í verkum sínum. Þú getur kannað eitt af þeim útaf fyrir þig. Það er kallað Móravirkni.

Móravirknin er búin til að mynda með því að leggja eina glæru eða mynd með gagnsæjum eyðum yfir aðra mynd með svipuðum eiginleikum. Myndirnar tvær ættu ekki að vera nákvæmlega eins, frekar aðeins hliðrað til, umsnúna eða örlítið ólíka.



Finndu hálgagnsæja gardínu sem hefur ekki of margar holur, eða glugga net. Skiptu því til helminga og leggðu efnið ofan á hvort annað. Prófaðu að hreyfa við efri hlutanum. Þú ættir að sjá fingerðar gárur eins og í þessari mynd.

Móra virkni eru oftast notuð þegar teknar eru ljósmyndir eða myndbönd. Flestir fagmenn reyna að forðast Móra virkni því þau sjá hana sem gallagrip. Þegar allt kemur til alls er mikilvægt að muna að uppgötvanir verða til þegar feilnótur eiga sér stað, öðruvísi myndi aldrei neinn uppgötva neitt. Meira að segja Woody og Steina hafa meira eða minna verið rannsakendur allt sitt líf með sínar tilraunakenndu aðferðir: til dæmis er hægt að hafa áhrif á skynjarrann í stafrænni myndavél sem tekur upp ljósmyndir og myndbönd með ákveðnu mynstri í klæðnaði.

MÁN	 ENDURMINNINGAR (Woody Vasulka 1974)	Endurminningar þýðir einfaldlega minning eða horfa aftur í tímann. Woody fór með upptökutæki á æskuheimilið sitt á búgarði mömmu sinnar. Horfðu á myndbandið og ímyndaðu þér hvað þú myndir sjá á búgarði sem þessum?	
ÞRI	 GULLNA FERÐALAGIÐ (Woody og Steina Vasulka, 1973)	Vasulka hjónin fengu innblástur af myndbandsverkinu sínu frá málverkinu <i>The Golden Legend</i> eftir René Magritte sem var einn af brautryðjendum súrrealisma. Súrrealískir listamenn fengu meðal annars innblástur frá draumum. Prófaðu að taka upp myndband á símann þinn af einhverju sem þig hefur dreymt um.	
MIÐ	Myndbandsverkið mitt Titill:	Lýstu því sem er í myndbandsverkinu þínu:	Myndir þú vilja deila þínu myndbandi? Við yrðum afar glöð ef þú myndir senda okkur myndbandið á fraedsla@listasafnarnesinga.is eða "tagga" okkur á netinu @listasafnarnesinga
FIM	 VIOLIN POWER (Steina Vasulka, 1978)	Steina gerði oft tilraunir með hljóð í myndböndum sínum. Hlustaðu á hvernig hún breytti hljóðinu frá fiðlunni í myndbandinu. Heyrir þú í því?	
FRI	 NOISEFIELDS (Woody og Steina Vasulka, 1974)	Í verkinu <i>Noisefields</i> er leikið með stróboscópisku, fyrirbæri sem einkennist af flökti. Í þessu myndbandi er það búið til með því að skipta hratt á milli tveggja mismunandi upptaka. Þú getur búið til myndband með flöktandi eiginleikum með því að taka upp landslagið í kringum þig og taka hratt fyrir og frá linsunni á símanum sem þú notar til að mynda með hendinni þinni.	

Hvernig líkar þér myndböndin sem þú fannst í hlekknum?

Áhugaverð Staðreynd

Móra virkni er einnig notuð þegar þarf að leiðbeina skipum í höfn. Það er stórt merki við höfnina sem samanstendur af tveimur grindum. Þegar skipið er vinstra megin við höfnina myndar merkið ör sem bendir í hægri átt að höfninni. Þegar skipið kemur akkúrat að höfninni mun það sjá lóðréttar línur en þegar það kemur frá hægri, sér það ör sem bendir til vinstri. Þetta er mjög sniðug lausn með því að nota merki án þess að nota rafmagn.

